



# SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Þórunnartúni 6, 105 REYKJAVÍK - SÍMI 551 8150 - FAX 562 7131  
NETFANG skog@skog.is - VEFFANG skog.is

## Stjórnarfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn í Þórunnartúni 6, Rvk mánudaginn 11. nóvember 2019 kl. 16:30.

(Fundur nr. 4. frá Kópavogi)

**Mætt: Jónatan Garðarsson, Valgerður Auðunsdóttir,  
Jens B. Baldursson, Páll Ingbór Kristinsson,  
Þuríður Yngvadóttir, Björn Traustason, Laufey Hannesdóttir,  
Brynjólfur Jónsson, Kristinn H. Þorsteinsson og  
Aðalsteinn Sigurgeirsson (sem tók fundargerð).**

### Dagskrá fundar

#### **1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar**

Samþykkt, án breytinga.

#### **2. Kolviður – staða mála**

JG sagði frá fundi s.l. föstudag. Mikill og aukinn áhugi er hjá mörgum fyrirtækjum að kolefnisjafna sig í gegnum Kolvið. Verið er að skoða möguleika á fleiri löndum í öðrum landshlutum en bara sunnanlands. Auk þess er verið að ganga frá stækkun á Kolviðarskóginum á Geitasandi, skv. nýjum samningi við Landgræðsluna. Landgræðslusjóður hefur verið í viðræðum um „n.k. makaskiptum“ / leigusamningi við ríkissjóð. Í myndinni er einnig e.k. samkrull við Votlendissjóð. Árleg gróðursetning gæti farið upp í 400 þús. innan 2 ára og milljón á næstu árum.

BT sagði frá hugmyndum Reynis um „loftslagsskóga“ sem væri hliðstæða við Kolviðarfyrirkomulagið, nema að fyrirtæki myndu sjálf annast skógrækt á landnemarkum, í umsjón skógræktarféлага.

Margt er í deiglunni, m.a. vottun á kolefnisbindingu.

### **3. Heimsókn til Fjárlaganefndar Alþingis**

JG sagði frá fundi með fjárlaganefnd þar sem óskað var eftir styrk til bókaútgáfu og afmælisárs. Málaleitunin fékk hóflegar undirtektir. Á sama fundi voru fulltrúar Hrafnhóla ehf. og lýstu áhyggjum sínum yfir þróun fjárveitinga til skógræktar á fjárlögum næsta ár, en þær gera ráð fyrir nettó-niðurskurði til skógræktarmála.

### **4. Fjárhagsáætlun 2020**

Farið var yfir fyrstu drög að fjárhagsáætlun fyrir komandi ár. Reiknað er með að hækkun á Landgræðsluskógum hækki úr 35 í 45 milljónir kr. milli ára, skv. nýfrágengnum samningi. Staðan verður betur kynnt á næsta stjórnarfundum.

### **5. Undirbúningur vegna afmælis Skógræktarfélags Íslands á næsta ári**

Afmælisdaginn (26. júní) væri tilvalið að efna til ráðstefnu til þess að félagið fái umfjöllun. Hægt væri að ýta úr vör „Loftslagsskógum“ og kynna það fyrir almenningi. Hvetja þyrfti unga fólkið til að setja svip sinn á ráðstefnuna og aðra viðburði tengt afmælisdeginum. Setja þyrfti saman hóp úr stjórn til þess að móta hugmyndir um hvað gera skal. BT hefur sent erindi til bæjarstjóra um styrk upp á 370 þús. vegna aðalfundar.

### **6. Jólatré – undirbúningur**

Samráðsfundur skógræktarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu hefur verið boðaður n.k. föstudag (15.11.) til þess að ræða jólatrjáamál.

### **7. Önnur mál**

BT ræddi um um „skógartölurnar“ sem SÍ hefur haldið utan um og birt árlega í Skógræktarritinu. Hann telur að tími sé kominn að endurskoða formið á þessu (18 bls.) og straumlínulaga það.

BJ: Skógræktarritið er að fara í prentun og kemur út fyrir mánaðarmót.

Ragnhildur mun senda boð á European Forest Network til þess að kanna áhuga á að mæta til aðalfundar í haust.

